



Kaupfélag Borgfirðinga svf.

Ársskýrsla

2008

Sveitamarkaður

Kaupfélags Borgfirðinga 2008



Kaupfélag Borgfirðinga

Ársreikningur 2008



Dagskrá aðalfundar 2009

1. Fundur settur
2. Rannsóknir kjörbréfa og kosning starfsmanna fundarins
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins fyrir árið 2008 og skýrsla kaupfélagsstjóra
5. Umræður um skýrslur
6. Tillögur úr deildum
7. Umræður og afgreiðsla tillagna
8. Kosningar
9. Önnur mál
10. Fundarslit

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	1
Efnisyfirlit	1
Félagsmenn, stjórn og starfsfólk.....	2
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur ársins 2008.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Eigið fé og skuldir	7
Yfirlit um sjóðstreymi árið 2008	8
Skýringar	9

Félagsmenn, stjórn og endurskoðendur

Félagsmenn 31. desember 2008	Félagsmenn	Aðalfundar- fulltrúar
Andakíll og Skorradalur	76	4
Lundarreykjadalur	31	2
Reykholtisdalur	48	2
Hálsasveit	30	2
Hvítársíða	26	1
Þverárþingsdeild.	91	5
Borgarhreppur	48	2
Borgarnes	370	16
Álftaneshreppur	31	2
Hraunhreppur	29	1
Kolbeinsstaðahreppur	41	2
Eyja- og Miklaholtshreppur	30	2
Staðarsveit og Breiðuvík	25	1
Utan deilda	423	
Samtals	1299	42

Stjórn

Fyrst
kosinn

Þorvaldur T. Jónsson, Hjarðarholti, formaður	1998
Guðbjartur Gunnarsson, Hjarðarfelli, varaformaður	1995
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum, ritari	2002
Pétur Geirsson, Borgarnesi, meðstjórnandi	2000
Guðbrandur Guðbrandsson, Staðarhrauni, meðstjórnandi	2003

Varamenn í stjórn

Guðrún Helga Andrésdóttir, Borgarnesi	2006
Eggert Kjartansson, Hofsstöðum	2003
Þorkell Fjelsted, Ferjukoti	2003

Löggiltur endurskoðandi, kjörinn af aðalfundi

Gunnar Þór Ásgeirsson, PricewaterhouseCoopers hf,	2005
---	------

Skýrsla og áritun stjórnenda

Félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga nær yfir Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar, Mýrasýslu og Snæfellsness-og Hnappadalssýslu sunnan heiða. Félagsmenn eru 1.299 í 14 félagsdeildum.

Megin markmið félagsins er að "annast hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir féлага og aðra" sem og "að efla atvinnu-og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins" eins og segir í 2. grein samþykktu þess.

Félagið er með eina verslunardeild sem sérhæfir sig í þjónustu við bændur auk þess að reka fasteignir til útleigu og taka þátt í öðrum atvinnurekstri, m.a. í samstarfi við önnur samvinnufélög eftir því sem best þykir henta á hverjum tíma.

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundir á milli aðalfunda, þar sem fjallað var um starfsemi félagsins.

Tap af rekstri félagsins á árinu 2008 varð kr. 601.132.559.- sem rekja má til þess að gengistap, vísitöluhækkun lána og vaxtagjöld voru með allt öðrum og verri hætti en jafnvel dekkstu spár gerður ráð fyrir í upphafi árs. Þá er afkoma hlutdeildarféлага mjög slæm, þá sérstaklega Vesturlands hf, eignarhaldsfélags en tap þess má rekja til gengistaps, mikilla afskrifta á hlutabréfum og skuldabréfum, í bæði skráðum og óskráðum félögum. Þá var afkoma Borgarlands ehf fasteignafélags slæm vegna gengistaps. Afkoma Samkaupa hf., en hlutabréf í því félagi eru stærsta einstaka eign KB var með ágætum, þrátt fyrir erfitt árferði.

Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um kr. 205.101.555.-

Eins og sjá má á reikningum félagsins þá er það í erfiðri stöðu. Hrun bankana hefur gjörbreytt öllum þeim forsendum sem áætlað hefur út frá. Fyrir liggur að semja þarf við viðskiptabanka félagsins um endurskipulagningu lána þess. Þá eru væntingar um að gengi krónunnar styrkist talsvert aftur en fari svo lækka erlend lán félagsins og hlutdeildarféлага aftur. Þegar þetta er ritað sér þess þegar merki að þróun gengis krónunnar hefur verið með jákvæðum hætti. Hafa þarf í huga að almennt er eignarmat félagsins lágt. Helstu eignir þess, eru hlutir í Samkaupum hf og Borgarlandi ehf sem og fasteignir í útleigu. Þessar eignir eiga að skila félaginu góðri afkomu á þessu ári m.v. rekstraráætlun. Verr lífur út með Vesturland hf, fjárfestingarfélag en þó gera áætlanir ráð fyrir að afkoma þess verið ásættanlegri á árinu. Afkoma verslunardeildar félagsins var góð á árinu 2008 og áætlanir gera ráð fyrir ágætis afkomu á þessu ári. Verði rekstur félagsins í samræmi við áætlanir á árinu 2009 þá ætti staða þess að batna, en hörð barátta er framundan til þess að ná fyrri fjárhagslegu stöðu.

Fimm fastir starfsmenn eru hjá félaginu, auk lausráðsins afleysingarfólks. Laun og launatengdar greiðslur til þeirra og stjórnar félagsins námu 29,9 milljónum króna.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum. Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Borgarnesi 20. mars 2009.

Í stjórn félagsins:

Þorvaldur T. Jónsson

stjórnarformaður

Guðbjartur Gunnarsson

varaformaður

Guðrún Sigurjónsdóttir

ritari

Pétur Geirsson

meðstjórnandi

Guðbrandur Guðbrandsson

meðstjórnandi

Kaupfélagsstjóri:

Guðsteinn Einarsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningssskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningssskilaaðferðum og reikningsshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningssskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningssskilareglur.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli skýringu nr. 10 þar sem er fjallað um framtíðarhorfur félagsins vegna fjárhagsstöðu þess.

Borgarnesi, 20. mars 2009.

PricewaterhouseCoopers hf

Gunnar Þór Ásgeirsson

endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur			
Sala		194.788.753	129.075.674
Aðrar rekstrartekjur		31.881.798	30.255.145
Matsbreyting fjárfestingareigna		16.718.242	956.521
		<u>243.388.793</u>	<u>160.287.340</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		160.995.527	114.659.353
Laun og launatengd gjöld		29.932.670	22.791.484
Annar rekstrarkostnaður		22.625.928	21.165.605
Afskrifaðar tapaðar kröfur		5.000.000	20.647.900
Afskriftir	2	2.778.076	2.732.708
		<u>221.332.201</u>	<u>181.997.050</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		22.056.592	(21.709.710)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		2.672.845	3.731.397
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(427.355.085)	(38.410.818)
Fenginn arður og hagnaður af sölu hlutabréfa		0	10.444.895
		<u>(424.682.240)</u>	<u>(24.234.526)</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna		(198.506.911)	18.464.845
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		(601.132.559)	(27.479.391)
Tekjuskattur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(601.132.559)</u>	<u>(27.479.391)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Víðskiptavild		400.000	800.000
		<u>400.000</u>	<u>800.000</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fjárfestingæignir	3	293.160.772	235.344.664
Fasteignir til eigin nota	2	64.933.789	72.566.221
Áhöld og tæki	2	3.117.545	3.520.120
		<u>361.212.106</u>	<u>311.431.005</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	4	470.440.381	692.935.506
Skuldabréfaeign		949.115	870.771
Víkjandi skuldabréfaeign		15.000.000	15.000.000
		<u>486.389.496</u>	<u>708.806.277</u>
Fastafjármunir samtals		<u>848.001.602</u>	<u>1.021.037.282</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		28.500.000	22.236.384
Víðskiptakröfur	5	24.130.612	24.475.258
Aðrar skammtímakröfur		2.197.308	16.865.870
Handbært fé		393.156	152.417
		<u>55.221.076</u>	<u>63.729.929</u>
Eignir samtals		<u>903.222.678</u>	<u>1.084.767.211</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2008	2007
Eigið fé	6		
Stofnsjóður og bundið eigið fé		9.187.219	8.420.166
Matsbreyting fjárfestingareigna		86.229.546	86.229.546
Óráðstafað eigið fé		(300.518.320)	301.627.938
		<u>(205.101.555)</u>	<u>396.277.650</u>
 Skuldir			
Víkjandi lán og skuldbindingar :			
Víkjandi lán	7	<u>15.964.294</u>	<u>13.719.848</u>
		15.964.294	13.719.848
 Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	8	<u>708.547.917</u>	<u>523.629.547</u>
		708.547.917	523.629.547
 Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		63.646.984	76.128.324
Viðskiptaskuldir		8.274.740	14.469.413
Aðrar skammtímaskuldir		36.453.783	19.217.065
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	8	<u>275.436.515</u>	<u>41.325.364</u>
		383.812.022	151.140.166
 Skuldir samtals		1.108.324.233	688.489.561
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>903.222.678</u>	<u>1.084.767.211</u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	9		
Aðrar upplýsingar	10		

Sjóðstreymi ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		(601.132.559)	(27.479.391)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	2.778.076	2.732.708
Matsbreyting fjárfestingaeigna		(16.718.242)	(956.521)
Aðrir liðir		558.266.570	(13.460.748)
		<u>(56.806.155)</u>	<u>(39.163.952)</u>
(Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		16.460.995	20.945.852
Birgðir		(6.263.616)	(5.880.939)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.594.258	(12.165.926)
		<u>19.791.637</u>	<u>2.898.987</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>(37.014.518)</u>	<u>(36.264.965)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(35.440.935)	(6.398.990)
Keyptir/seldir eignarhlutar í öðrum félögum		(1.000.000)	(168.341)
Móttekinn arður		19.988.214	7.538.000
Afborgun skuldabréfaeignar		0	897.563
		<u>(16.452.721)</u>	<u>1.868.232</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Útborgað eigið fé		(246.646)	1.320.604
Afborganir langtímalána		(44.310.003)	(42.047.679)
Ný langtímalán		110.745.967	50.000.565
Skammtímalán, breyting		(12.481.340)	24.839.500
		<u>53.707.978</u>	<u>34.112.990</u>
Lækkun á handbæru fé		240.739	(283.743)
Handbært fé í upphafi ársins		152.417	436.160
Handbært fé í lok árs		<u>393.156</u>	<u>152.417</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

1.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði.

Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og tæki	5-7 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

1.5 Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir félagsins eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa félaginu til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Skýringar

1.6 Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirlit yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla á áhrifum gengisvarna af eigin fé vegna innkaupa á birgðum.

1.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.9 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Óefnislegar eignir	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	2.000.000	77.072.905	5.593.239	84.666.144
Keypt á árinu	0	34.911.998	528.937	35.440.935
Flutt á fjárfestingaeignir	0	(41.097.866)	0	(41.097.866)
Heildarverð 31/12	2.000.000	70.887.037	6.122.176	79.009.213
Afskrifað 1/1	1.200.000	4.506.684	2.073.119	7.779.803
Afskrifað á árinu	400.000	1.446.564	931.512	2.778.076
Afskrifað 31/12	1.600.000	5.953.248	3.004.631	10.557.879
Bókfært verð 31/12 2008	400.000	64.933.789	3.117.545	68.451.334

Fasteignir félagsins í árslok 2008 eru metnar þannig:

	Fasteignamat í þús.kr.	Brunabótamat í þús.kr.
Fasteignir til eigin nota	69.578	121.050

3. Fjárfestingaeignir

	2008	2007
Bókfært verð í 1/1 (IAS 40)	235.344.664	234.388.143
Flutt af varanlegum rekstrarfjármunum	41.097.866	0
Matsbreyting fjárfestingaeigna	16.718.242	956.521
Bókfært verð 31/12 (IAS 40)	293.160.772	235.344.664

Fjárfestingaeignir félagsins í árslok 2008 eru metnar þannig:

	Fasteignamat í þús.kr.	Brunabótamat í þús.kr.
Fasteignir	191.830	392.800

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	144.908.734	0
Borgarland ehf.	27.500.000	0
Samkaup hf.	53.612.056	365.505.103
KB fjárfestingarfélag ehf.	500.000	2.390.250
	226.520.790	367.895.353

Kaupfélagið fer með yfir 20% eignarhluta í Samkaupum hf, að teknu tilliti til eignarhluta dótturfélags KB í Samkaupum

Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Fóðurblandan hf.	12.955.860	100.851.794
Eignarhlutir í öðrum félögum og sjóðum (samtals 6 félög)	1.758.490	1.693.234
	14.714.350	102.545.028

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslureikningi greinist þannig:

Frá fyrra ári	704.254
Afskrifaðar kröfur á árinu	0
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	0
Niðurfærsla 31/12	<u>704.254</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Matsbreyting fjárfestingaegna	Stofnsjóður og bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1.1	86.229.546	8.420.166	301.627.938	396.277.650
Vextir til stofnsjóðs		1.013.699	(1.013.699)	0
Breyting stofnsjóðs		(246.646)	0	(246.646)
Tap ársins	0	0	(601.132.559)	(601.132.559)
Jöfnuður 31.12	<u>86.229.546</u>	<u>9.187.219</u>	<u>(300.518.320)</u>	<u>(205.101.555)</u>

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	7.518.719
Menningarsjóður	1.668.500
	<u>9.187.219</u>

7. Víkjandi lán

Á árinu 2000 gaf félagið út skuldabréf að fjárhæð 7,5 millj. kr. með víkjandi rétti. Bréfið sem er til 5 ára hefur eiginleika eigin fjár að því leyti að það víkur fyrir öðrum skuldum félagsins ef því yrði slitið. Vextir eru fastir 7% og lánið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs. Endursamið var um lán þetta og áfallna vexti þess 2005 þannig að það var framlengt um 5 ár á óbreyttum kjörum. Uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins nema í árslok í 16 m.kr. og eru þær til greiðslu árið 2010

Skýringar

8. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán, vextir 5,1 - 11,4%	387.752.224
Gengistryggð lán	596.232.209
Víkjandi lán	15.964.294
	<u>999.948.727</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

Árið 2009	275.436.515
Árið 2010	204.973.815
Árið 2011	24.261.788
Árið 2012	228.619.117
Árið 2013	75.530.946
Síðar	191.126.546
	<u>999.948.727</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 999.948.727 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	275.436.515
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	724.512.212
	<u>999.948.727</u>

9. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Fasteignir og fjárfestinga eignir félagsins, sem bókfærðar eru á kr. 361,2 millj. og hlutabréf sem bókfærð eru á kr. 369,6 millj. eru veðsettar fyrir langtímaskuldum, sem námu kr. 999,9 millj. króna á sama tíma. Þá eru birgðir og skammtímakröfur félagsins veðsettar viðskiptabanka þess fyrir allt að kr. 173 millj.

Þar að auki hefur félagið ábyrgst vaxtagreiðslur fyrir eitt af dótturfélögum sínum til næstu fjögurra ára. Um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

10. Aðrar upplýsingar

Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2009 vegna rekstrarársins 2008. Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist á móti skattalegum hagnaði næstu tíu árin.

Tekjuskattsinn eign hefur ekki verið færð til eignar vegna óvissu um nýtingu hennar.

Skýringar

Rekstrarhæfi

Fjárhagsstaða félagsins versnaði verulega á árinu 2008. Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap ársins um 601,1 millj. kr. og eigið fé félagsins í árslok er neikvætt um kr. 205,1 millj. Á árinu 2008 lækkaði gengi íslensku krónunnar verulega og þannig hafa skuldir félagsins tengdar erlendum gjaldmiðlum hækkað umtalsvert og einnig var vaxtastigið félaginu mjög óhagstætt. Þá var árið 2008 einnig erfitt fyrir sum hlutdeildarfélög félagsins og nam bókfært hlutdeildartap ársins kr. 198,5 millj.

Sú óhagstæða þróun sem lýst er hér að ofan leiðir til þess að lausafjárstaða félagsins er erfið. Fyrir liggur að semja þarf við viðskiptabanka félagsins um endurskipulagningu lána félagsins og hafa stjórnendur félagsins á undanförunum mánuðum unnið að aðgerðum til að styrkja lausafjárstöðuna og endurfjármögnun í samvinnu við viðskiptabanka félagsins. Eftir lok reikningsársins hefur gengi íslensku krónunnar styrkst sem leitt hefur til þess að eiginfjárstaðan hefur batnað. Undirliggjandi rekstur hefur gengið ágætlega, og gera rekstraráætlanir ráð fyrir sambærilegum rekstri og undanfarin ár. Einnig hefur fjárhagsstaða hlutdeildarfélaganna batnað verulega og gera rekstraráætlanir þeirra ráð fyrir jákvæðri afkomu á árinu 2009.

Mat stjórnenda er að félagið muni geta staðið við skuldbindingar sínar á næsta ári. Þá gera stjórnendur félagsins ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu hjá félaginu á næsta ári, sem og hlutdeildarfélög þess og að forsenda fyrir rekstrarhæfi félagsins sé til staðar.

Haustofnagður

Kaupfélags Borgfirðinga 2008

